

Svar

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Oddnýju G. Harðardóttur um ráðningar einstaklinga með skerta starfsgetu.

1. *Hve margir einstaklingar með skerta starfsgetu, sbr. lög um jafna meðferð á vinnu- markaði, starfa í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu?*

Enginn einstaklingur með skerta starfsgetu starfar hjá ráðuneytinu eins og er.

2. *Hefur stefna verið mótuð fyrir ráðuneytið um ráðningar einstaklinga með skerta starfs- getu?*

Ekki hefur verið mótuð sérstök stefna um ráðningar einstaklinga með skerta starfsgetu en ráðuneytið er í samstarfi við Vinnumálastofnun og Virk um ráðningar í gegnum úrræði sem sérstaklega eru ætluð einstaklingum með skerta starfsgetu. Í mannauðsstefnu Stjórnarráðsins kemur fram að allt starfsfólk á að eiga möguleika á að geta nýtt hæfileika sína í starfi og skal ekki sæta mismunun af nokkrum toga. Tekur þetta m.a. til starfsfólks með skerta starfsgetu.